

# STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1995

---

Nr. 14

26

6. janúar 1995

## AUGLÝSING

### um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189/21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1996.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 15

6. janúar 1995

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. fl. vörugjaldskrár í 1. mgr. 12. gr. bætist eftirfarandi vara: kísilgúr.

Gjald pr. tonn af kísilgúr er því kr. 103,00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi breyting á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 683, dags. 30. desember 1994.

*Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1995.*

**Halldór Blöndal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Gutenberg